

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf Ísafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Árnason	Staðsetning	N66 04,183 V23 07,421

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók og skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Einnig var rafloki í frárennsli þróar prófaður. Olía var hreinsuð úr olíuskilju í maí 2015. Álag á olíuskilju er lítið þar sem undantöppun er í lokuðu kerfi.

Þrýstiprófanir lagna og botnþykktarmælingar á geymum eru í góðu lagi enda voru mælingar gerðar á öllum kerfum áður en olíubirgðastöðin var tekin í notkun árið 2014.

Starfsleyfið var gefið út 16. október 2012. Starfsleyfið gildir fyrir starfsemi á lóð F á Mávagarði á Ísafirði. Í stöðinni eru 5 olíugeymar sem geta geymt u.þ.b. 4700 m³ með um 1500 m³ í stærsta geymi. Geymarnir standa í steinsteyptri mengunarvarnarpró með steinsteyptum botni sem hægt er að tæma um niðurföll í gegnum olíuskilju og áfram út í fráveitukerfi bæjarfélagsins.

Fram kom í eftirlitinu að fjórar lagnir ganga út úr þrónni um geymana og í brunn á bryggju. Þetta eru 50/70 lögnin sem er löndunarlögn fyrir MDO, 60 lögnin sem er löndunarlögn fyrir gasolíu, 61 lögnin sem er löndunarlögn fyrir MGO og 90 lögnin sem er skipaafgreiðslulögn fyrir úrgangsolíu. Nokkrar lagnir til viðbótar eru steiptar niður í þróarbotninn og því ekki hægt að sjónskoða þær. Ekki er komið að þrýstiprófunum fyrr en 2018.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar er í rekstrarhandbók.

Bensín og aðrir rokgjarnir vökvar eru ekki geymdir í þessari stöð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.06.2016

Gottskálk Friðgeirsson